

Borgarstjórn
17. apríl 2018

Tillaga Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um samtal við heilbrigðisyfirvöld um breytt vaktafyrirkomulag á landsspítalanum

Borgarstjórn beinir því til borgarstjóra að eiga frumkvæði að samtali Reykjavíkurborgar, heilbrigðisráðherra, forstjóra Landspítala og stéttarfélaga heilbrigðisstarfsfólks, til að kanna möguleika á breyttu vaktafyrirkomulagi á Landspítala, í því skyni að stytta ferðatíma heilbrigðisstarfsfólks til og frá vinnu og með því stytta ferðatíma allra borgarbúa á háannatíma.

Greinargerð:

Landspítalinn er stærsti vinnustaður landsins en þar starfa á sjötta þúsund starfsmenn. Vaktafyrirkomulag á sjúkrahúsinu er með þeim hætti að upphaf og lok dagvakta er á háannatíma. Dagvaktir eru frá kl. 8.00 til 16.00, kvöldvaktir frá kl. 15.30 til 23.30 og næturvaktir frá kl. 23.15 til 8.00.

Gatnakerfið á höfuðborgarsvæðinu ræður ekki lengur við álagið á háannatímum með þeim afleiðingum að miklar tafir verða á umferð með þeim afleiðingum að heilbrigðisstarfsfólk líkt og aðrir borgarbúar eru mun lengur að komast til vinnu en ella. Erlendis þekkist að vaktafyrirkomulag á sjúkrahúsum sé með öðrum hætti. Í Noregi þekkist t.d. að vaktafyrirkomulag sé með þeim hætti að dagvaktir séu frá kl. 7.00 til 14.30, kvöldvaktir frá kl. 14.30 til 22.00 og næturvaktir frá kl. 22.00 til 07.00. Með því að breyta vaktafyrirkomulaginu væri unnt að létta álagi á gatnakerfi borgarinnar á álagstímum og nýta það betur.